



Fundargerð

Fundur í skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps
mánudaginn 10. október kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykólum.

Mætt: Egill Sigurgeirsson og Rebekka Eiríksdóttir, Karl Kristjánsson boðaði forföll. Ekki tókst að boða varamann á fundinn. Einnig sátu fundinn Kristján Arnarsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Varaformaður bauð fólk velkomið og innti eftir öðrum málum á dagskrá, tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau fyrir undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar 20. júní 2016.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1501010 – Deiliskipulag – Tröllendi í Flatey.

Farið yfir umsagnir sem bárust á auglýstum umsagnartíma:

Minjastofnun 5. júlí 2016.

Umhverfisstofnun 10. júní 2016.

Breiðafjarðarnefnd 13. júní 2016.

Flateyjarveitur 15. júlí 2016.

Engar athugasemdir bárust, utan ósk um fornleifaskráningu frá Minjastofnun. Fornleifaskráning hefur farið fram að ósk Minjastofnunar og hafa minjar verið skráðar á deiliskipulagsuppdráttinn. Tillaga kom frá Flateyjarveitum um nýja lóð, ekki verður tekið tillit til tillögunnar að svo stöddu.

Skipulagsfulltrúa falið að senda deiliskipulagstillöguna til staðfestingar til Skipulagsstofnunar skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýsa tillöguna í B-deild Stjórnartíðinda þegar staðfesting Skipulagsstofnunar liggur fyrir.

3. 1004004 – Deiliskipulag – Innstipollur í Flatey.

Farið yfir umsagnir sem bárust á auglýstum umsagnartíma:

Umhverfisstofnun 3. maí 2016.

Minjastofnun 28. apríl 2016 og viðbót 12. maí 2016.

Samgöngustofa 2. júní 2016.

Skipulagsfulltrúa falið að fara yfir umsagnirnar með Landmótun. Samþykkt samhljóða.

4. 1608009 – Boðun á hafnasambandsþing 2016.

Nefndin leggur til að ekki verði sendur fulltrúi á þingið frá Reykólahreppi. Samþykkt samhljóða.

5. 1609001 – Hyrningsstaðir lóð 8, 139583 – umsókn um landskipti.

Umsókn frá Sveini B. Jóhannessyni, Árna J. Baldvinssyni og Þorbjörgu S. Þorvarðardóttur dagsett 4. júní 2016.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við landskiptin og felur byggingafulltrúa að fara yfir fyrirbyggjandi gögn og afgreiða málið. Samþykkt samhljóða.

6. 1609002 - Umsögn vegna löggildingar hafnsögumanns í Breiðafirði.

Erindi frá Birni Samúelssyni dagsett 7. júlí 2016.

Skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps veitir jákvæða umsögn við umsókn Björns Samúelssonar um löggildingu hafnsögumanns í Breiðafirði. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

7. 1603003 – 385. og 386. fundur Hafnasambands Íslands.

Lagt fram og kynnt.

8. 1609003 – Ársskýrsla Mannvirkjastofnunar 2015.

Lögð fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

9. 1610003 – Króksfjarðarnes 139627 – ósk um byggingaleyfi – viðbygging.

Fyrir nefndinni lágu teikningar að viðbyggingu við verslunarhúsnæði (81,6 m²) frá Hafliða V. Ólafssyni dagsett 19. september 2016.

Nefndin gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi gögn og felur byggingafulltúa að afgreiða málið og kanna hvort grenndarkynning þurfi að fara fram.

10. 1610004 – Hríshóll 2, 139596 – umsókn um niðurrif mannvirkja 212-2192, matslutar 05 fjárhús og 06 hlaða.

Erindi frá Þrání Hjálmarssyni dagsett 26. september 2016.

Nefndin samþykkir erindið og felur byggingafulltrúa afgreiðslu málsins. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerðina, fundi slitið kl. 12.10.

_____	_____
_____	_____
_____	_____